

Alþingi  
Erindi nr. P 139/1443  
komudagur 21.2.2011

**From:** Gerður Árnadóttir [mailto:gerdur@throskahjalp.is]  
**Sent:** 21. febrúar 2011 17:19  
**To:** Hildur Eva Sigurðardóttir  
**Cc:** Friðrik Sigurðsson  
**Subject:** Samn. SP um réttindi fatlaðs fólks m.t.t. barnaverndarfrumvarps

56. mál

Sæl Hildur Eva.

Vísa til fundar í dag með félags- og tryggingamálanefnd Alþingis. Meðfylgjandi eru tilvitnanir í skýrslu nefndar um fullgildingu Samnings SP um réttindi fatlaðs fólks m.t.t. barna og frumvarps til barnaverndarlaga. Vona að þetta komi að einhverju gagni. Láttu endilega vita ef við getum orðið að frekara gagni.

Með kveðju,

Gerður A. Árnadóttir formaður Landssamtakanna Þroskahjálpar

**Tillögur nefndar um fullgildingu Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sem varða börn sérstaklega – m.a. með tilliti til breytinga sem gera þarf á frumvarpi til barnaverndarlaga.**

#### **Varðandi 7. gr.**

Í 7. grein er fjallað sérstaklega um að tryggja þurfi réttindi fatlaðra barna.

Löng bíð eftir greiningu og þjónustu er alvarlegt brot á réttindum fatlaðra barna. Nefndin beinir því til Umboðsmanns barna að hann skoði sérstaklega málefni fatlaðra barna og geri tillögur eftir því sem við á. Tryggja þarf fötluðum börnum aðgang að margvíslegri þjónustu sveitarfélaga á borð við íþróttir, tómstundir og annað æskulýðsstarf og er eðlilegt að slíkt ákvæði komi fram í nýjum lögum um réttindi fatlaðs fólks.

Í barnaverndarlögum nr. 80/2002 þarf að taka fram í 1. gr. að þau nái einnig til fatlaðra barna og þannig tryggja einnig í 46. gr. rétt fatlaðra barna til að tjá sig. Í 6. mgr. 7. gr. vantar ákvæði um ákvarðanatöku, leyfisveitingar og eftirlit o.fl. þegar um er að ræða vistun fatlaðra barna á stofnunum sem ekki heyrar undir barnaverndarlögin.

#### **Varðandi 23. gr.**

Í 23. grein er fjallað um virðingu fyrir heimilis- og fjölskyldulífi og allar þær ráðstafanir sem grípa þarf til svo hægt sé að tryggja fötluðu fólki þennan rétt til jafns við aðra.

Nefndin telur eðlilegt að efni þeirrar greinar komi fram í lögum um réttindi fatlaðs fólks.

Nefndin beinir því til Lýðheilsustöðvar að hún gangist fyrir markvissu átaki í kynfræðslu fatlaðs fólks, einkum þeirra sem njóta félagslegrar þjónustu vegna fötlunar sinnar.

Réttur fatlaðs fólks til að fá haldið frjósemi sinni til jafns við aðra krefst þess að lög nr. 16/1938 verði felld alveg úr gildi.

Tryggja þarf réttindi fatlaðs fólks með tilliti til lögráða, forráða, fjárhalds og ættleiðingar barna. Þá þarf að veita fötluðu fólki viðeigandi aðstoð við að uppfylla skyldur sínar sem uppalendur barna. Endurskoða þarf lög um ættleiðingar, nr. 130/1999, með það að leiðarljósi að auka möguleika fatlaðs fólks til ættleiðinga á börnum.

Fötluð börn eiga sama rétt og önnur börn með tilliti til fjölskyldulífs og því þarf að koma í veg fyrir að fötluðum börnum sé leynt, þau yfirgefin, vanrækt eða að þau séu þolendur aðskilnaðar.

Einnig þarf að tryggja að barn sé ekki tekið frá foreldrum sínum gegn vilja þeirra, nema lögbær yfirvöld ákveði og að slíkur aðskilnaður sé nauðsynlegur með hagsmuni barnsins að leiðarljósi.

Endurskoða þarf barnaverndarlög og tryggja þar réttindi fatlaðra barna til að þekkja foreldra sína og njóta umönnunar þeirra. Einnig þarf að endurskoða d-lið 29. gr. barnaverndarlaga á þann hátt að

passað sé upp á að geta fatlaðra foreldra sé metin með hliðsjón af þeim félagslega stuðning sem þeir eiga rétt á að fá.

Barn skal aldrei taka frá foreldrum sínum sakir fötlunar barnsins eða annars foreldris eða beggja.

Tekið er fram að reyna skuli til þrautar, ef kjarnafjölskylda er ófær um að annast fatlað barn, að fá annan aðila innan stórfjölskyldunnar til þess að annast barnið og reynist það ekki unnt þá ráðstafa því til fjölskyldu innan samfélagsins. Ekki virðist gert ráð fyrir að til séu heimili fyrir fötluð börn, sbr. 5. tölul. 10. gr. laga um málefni fatlaðra, nr. 59/1992,